

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Árið 2025, föstudaginn 1. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Andra Val Ívarssyni, Ástu Björk Eiríksdóttur og Páli Kristjánssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2025:

Skjöldur Vatnar Björnsson, f.h. Flóka Vincent Skjaldarsonar
gegn
Dániel Inga Óskarssyni

Gögn málsins liggja frammi og kveðinn er upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Skjöldur Vatnar Björnsson, kt. 090347-2769,
f.h. Flóka Vincent Skjaldarsonar, kt. 050708-2250,
Flókagötu 62,
105 Reykjavík.

Kærði:

Dániel Ingi Óskarsson

Skrifstofu KSÍ barst kæra með tölvupósti frá kæranda 15. júlí sl. og var hún móttækin af skrifstofu KSÍ 21. júlí sl.

II.

Kröfur:

Kærandi gerir eftirfarandi kröfur:

Að úrslitum úr leik Vængja gegn KH í 4. deild karla, sem fram fór kl. 19:15 þann 11. júlí sl., verði breytt og að KH verði dæmdur sigur.

Að Dániel Ingi Ólafsson fái rautt spjald og leikbann.

Að dómari leiksins fái áminningu fyrir aðgerðarleysi og verði sviptur launagreiðslum eða sektaður og að greiðslan renni í sjóð.

Að stofnaður verði sjóður til að vernda þá sem verða fyrir ofbeldi í fótbolta.

III.

Málsatvik:

Mál þetta varðar atvik í leik Vængja gegn KH sem bæði kærandi og kærði tóku þátt í sem leikmenn. Kærandi var markmaður KH og í því atviki sem mál þetta rís vegna kemur hann út í fyrirgjöf, grípur boltann og beygir sig um leið. Kærandi lýsir því sem svo að kærði hafi komið hlaupandi að honum og sparkað/keyrt hnéð í höfuðið á honum. Kærandi telur augljóst að kærði hafi

auðveldlega getað hlaupið framhjá kæranda eða hoppað yfir hann. Kærandi telur ljóst að um hafi verið að ræða líkamsárás með fullum vilja og ásetningi og hefur sent tvö myndbönd til aga- og úrskurðarnefndar máli sínu til stuðnings.

Kærandi lýsir því sem svo að dómari leiksins hafi ekkert dæmt og ekki tekið ábyrgð á alvarlegu atviki sem honum hefur verið falið að dæma. Kærandi vísar til þess að nýjar reglur KSÍ kveði á um að stoppa beri leik skilyrðislaust ef leikmaður verður fyrir höfuðhöggi.

IV. Niðurstaða:

Eftir að kæra hefur borist á skrifstofu KSÍ, skal samkvæmt gr. 7.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, tekið til skoðunar hvort nokkrir þeir formgallar séu á kæru sem varði frávísun hennar áður en málið er tekið til efnismeðferðar á fundi aga- og úrskurðarnefndar.

Samkvæmt gr. 7.1 í fyrrgreindri reglugerð hefur einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Samkvæmt 8. gr. sömu reglugerðar skulu kærur vegna knattspyrnuleikja sem fara fram á Íslandi berast innan 48 klukkustunda frá því að atvik það sem kært er bar við.

Í málinu liggur fyrir að kærandi er leikmaður KH og beinir kæru sinni gegn leikmanni Vængja vegna atviks sem varð í leik þann 11. júlí sl. Kæran barst skrifstofu KSÍ með tölvupósti kl. 13:47 þann 15. júlí sl. og ljóst að 48 klukkustundir voru þá liðnar frá leiknum. Þegar af þeirri ástæðu skal vísa kröfu kæranda um breytt úrslit frá nefndinni.

Kærandi krefst þess jafnframt að kærði fái leikbann, dómari leiksins fái áminningu og sekt auk þess að gera þá kröfu að KSÍ stofni sjóð fyrir leikmenn sem verða fyrir ofbeldi í fótbolta. Ekki verður talið að kærandi hafi sérstaka hagsmuni af kröfum sínum fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ sem virðast tilkomnar vegna frammistöðu dómara í leiknum og ekki hlutverk aga- og úrskurðarnefndar að endurskoða einstaka atvik sem dómari hefur tekið afstöðu til inni á vellinum. Með vísan til framangreinds telur nefndin að skilyrði gr. 7.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál séu ekki uppfyllt og er málinu vísað frá nefndinni án efnislegrar umfjöllunar.

V. Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Páll Kristjánsson [sign]

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt gr. 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Áfrýjun mála frestar réttaráhrifum úrskurðar að undanskildum tilvikum þar sem um er að ræða sjálfkrafa leikbönn, sbr. gr. 17.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.